



Mats- og hæfisnefnd um sérnám lækna

Dagsetning 25.06.2024

Jóhanna Fjóla Jóhannesdóttir, forstjóri
Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Akranesi
Afrit: Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga

VIÐURKENNING
SEM KENNSLUDEILD OG KENNSLUSÉRGREIN
Í SÉRNÁMI LÆKNA

Varðandi: Bæklunarlækningar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) í samvinnu við bæklunarlækningar á Landspítala.

Mats- og hæfisnefnd um sérnám lækna, sem starfar á grunni reglugerðar nr. 856/2023, veitir hér með bæklunarlækningum á HVE viðurkenningu sem kennslusérgrein og kennsludeild, í samvinnu við bæklunarlækningar á Landspítala.

Ákvörðun þessi er byggð á niðurstöðu úttektar á starfseminni sem gerð var í maí og júní sl. Ákvörðunin er háð áframhaldandi samvinnu HVE og Landspítala á vettvangi bæklunarlækninga með svipuðum hætti sem nú tíðkast.

Viðurkenningin er veitt með fyrirvara um breytingar sem kunna að verða á starfseminni sbr. 24. gr. ofangreindrar reglugerðar, en þar segir: „Heilbrigðisstofnun sem fengið hefur viðurkenningu sem kennslustofnun skal tilkynna nefndinni um allar breytingar á starfsem sem og á mönnun sem haft getur áhrif á hæfi heilbrigðisstofnunar eða deildar heilbrigðisstofnunar til að teljast viðurkennd sem kennslustofnun til að annast sérnám lækna.

Viðurkenningin tekur gildi þann 1. ágúst 2024 og gildir til 1. október 2026

Virðingarfyllst,

Ólafur Baldursson, læknir, PhD, FRCP Edin.
Formaður mats- og hæfisnefndar um sérnám lækna



Úttekt á starfsemi og kennslugetu bæklunarlækninga við Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE)

Í kjölfar erindis frá Dr. Eyþóri Erni Jónssyni, kennslustjóra í bæklunarlækningum við Landspítala, dags. 12. maí 2024. til mats- og hæfisnefndar (MHN), ákvað nefndin að gera úttekt á starfsemi bæklunarlækninga við HVE. Úttektin var framkvæmd á grunni reglugerðar nr. 856/2023 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi. Í IV. kafla reglugerðarinnar er getið um störf mats- og hæfisnefndar. Þar kemur m.a. fram í 24. gr.: „Til að öðlast viðurkenningu sem kennslustofnun fyrir sérnám í læknisfræði þarf heilbrigðisstofnun eða deild innan hennar að uppfylla gæðaviðmið skv. 22. gr.“

Úttektin var gerð í tveimur hlutum:

- I. Vettvangsheimsókn og viðtöl við lækna, hjúkrunardeildarstjóra og stjórnendur á HVE. Þessi hluti fór fram þann 30. maí sl.
- II. Viðtöl við kennslustjóra og yfirlækni bæklunarlækninga við Landspítala. Þessi hluti fór fram þann 19. júní sl.

Við úttektina var stuðst við skjalið „Leiðbeiningar um mat á kennslustað vegna starfs- og sérfræðináms í læknisfræði“ frá mats- og hæfisnefnd útg. 25. júlí 2023.

I.

Vettvangsheimsókn og viðtöl á HVE, þann 30. maí 2024 kl. 8.50-12.00

Fulltrúar mats- og hæfisnefndar:

Ólafur Baldursson

Katrín Fjeldsted

Jórunn Atladóttir

Andrea Jónsdóttir

Viðmælendur:

Sverrir T. Kiernan, yfirlæknir

Halldór R. Bergvinsson, bæklunarlæknir

Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga

Jóhanna Fjóla Jóhannesdóttir, forstjóri HVE

Ásgeir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri fjármála

Birna Katrín Hallsdóttir, deildarstjóri B deilda

Kristján Blær Jónsson, sérnámsgrunnlæknir

Björn Gunnarsson, yfirlæknir



Mats- og hæfisnefnd um sérnám lækna

Lýsing á vettvangsheimsókn:

- A. Er starfsemin á nægilega breiðum grunni þannig að markmið í marklýsingu sérnámsins náist?

Sérnámið er hluti daglegs starfs og viðhorf almennt jákvætt gagnvart sérnáminu og sérnámslæknum og engin andmæli við því að fá sérnámslækna í teymið. Birna Katrín, deildarstjóri B deildar telur að verkefnið muni efla starfsemina enn frekar, mikill áhugi sé á náminu hjá bæklunarlæknunum.

- B. Er mannafli nægur og af réttri gerð til að markmið í marklýsingu sérnámsins náist?

Verkefnið er undir handleiðslu þriggja bæklunarlækna á HVE en allir koma að sérnámslæknunum, læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkrabjálfarar og aðrar stéttir. Fjölpáttar endurgjöf verður í lokin. Mönnun er góð og haustið lítur vel út jafnvel þó svo að einhver aukning verði á verkefnum.

- C. Eru húsnaði, staðhættir, almenn og sertæk aðstaða og tækjakostur, öryggismenning og almenn viðhorf þannig að markmið í marklýsingu sérnámsins náist?

Allur búnaður og aðstaða er fyrir hendi á HVE. Hins vegar eru hugmyndir um að með tilkomu sérnámslæknis opnist frekari tækifæri til að sinna fjölbreyttari aðgerðum og það mun kalla á ákveðnar fjárfestingar, engar stórar upphæðir. HVE er að fara af stað í gæðavegferð, verða gæðavottuð stofnun (ISO staðlar). Jóhanna upplýsti að hugmyndin hefði ekki komið frá stjórn, heldur frá rótinni og að hún telji að það gefi verkefninu enn meira vægi vegna áhugans sem kemur þaðan.

- D. Er læknispjónustan uppbyggð og skipulögð þannig að markmið í marklýsingu sérnámsins náist?

Mikill stuðningur er hjá yfirstjórn við að verkefnið fái framgöngu og talið mikilvægt að kennsla fari fram á fleiri stöðum en bara á höfuðborgarsvæðinu. Vilji hjá stofnuninni til að festa sig enn frekar í sessi sem kennslustofnun og fullur stuðningur við verkefnið út frá rekstrarlegum forsendum. Formlegur samningur við LSH liggr einnig fyrir um þetta afmarkaða verkefni og ríkulegur stuðningur frá fagfólki þar.

- E. Er störfum á námsstaðnum þannig fyrir komið að þau falli vel að faglegum gildum með tilvísan í Góða starfshætti lækna og líkleg til að stuðla að breiðum menntunargrunni sem tryggir þekkingu, getu og færni?

HVE er lítil eining og þar er mikill sveigjanleiki. Rútna í gangi en ef einhverju þarf að breyta þá er það leyst. HVE er er liðskiptisetur og einbeitir sér að liðskiptiaðgerðum, einfaldari endurgerðum og eftirfylgni. Því er hægt að bjóða sérnámslæknum sérstaka áherslu á að læra í liðskipti.

- F. Er viðmót á kennslustaðnum gagnvart skjólstæðingum/sjúklingum og námslæknum/öðrum nemendum þannig að markmið í marklýsingu sérnámsins náist?
- Kristján Blær sérnámsgrunnlæknir er ánægður með uppbyggingu og aðbúnað á HVE, góður stuðningur og vinnumenning. Klukkutíma kennsla er á hverjum morgni á vegum HVE og annar á vegum sérnámsins. Það sem upp kemur er leyst með teymisvinnu.*

- G. Fær sérnámslæknir þjálfun og þekkingu í samvinnu og teymisvinnu?

Allar stéttir koma að þjálfun sérnámslæknanna.

- H. Er fræðileg kennsla og uppbygging þannig að markmið í marklýsingu sérnámsins náist?



Mats- og hæfisnefnd um sérnám lækna

Já, þar sem námið er hluti af sérnáminu á Landspítala, er fræðilegi þátturinn tryggður, en einnig verður lögð áhersla á fræðilegan hluta liðskipta á Akranesi.

- I. Er eftirlit með framvindu náms til staðar og framkvæmd með sérgerðum aðferðum til þess skv. Gullbókinni?

Samráð er á milli kennslustjóra og forsvarsmanna sviðs. Halldór fór á handleiðaranámskeið á LSH í mars og getur séð sig þróast frekar í kennslu og stýringu hennar.

- J. Eru möguleikar til rannsókna eða gæðaverkefna til staðar?

Já.

II.

Viðtöl við kennslustjóra, yfirlækni bæklunarlækninga og forstöðulækni skurðlækninga við Landspítala, þann 19. júní 2024.

Fulltrúar mats- og hæfisnefndar

Ólafur Baldursson
Katrín Fjeldsted
Jórunn Atladóttir
Andrea Jónsdóttir

Viðmælendur

Eyþór Örn Jónsson, bæklunarlæknir og settur kennslustjóri
Elías Þór Guðbrandsson, settur yfirlæknir á bæklunarskurðdeild
Hjörtur Friðrik Hjartarson, forstöðulæknir skurðlækninga á LSH

Ólafur fór yfir að meðal hlutverka mats- og hæfisnefndar væri að meta hæfi heilbrigðisstofnana eða deilda innan þeirra til að öðlast viðurkenningu sem kennslustofnanir til að annast sérnám lækna. Nefndin hafi því heimsótt HVE þar sem tekin voru viðtöl við þá sem koma að sérnáminu, tekinn stofugangur og skurðstofur skoðaðar.

Varðandi ágæti marklýsingar og styrkleika og veikleika námsins, fór Hjörtur yfir að þegar farið var út í lengt sérnám á LSH hafi verið horft til vannyttra námstækifæra þar. Vitað sé af smávægilegum brestum en unnið sé að úrbótum. Svíþjóð sé gjarnan höfð til samanburðar og mikilvægt að námið hér sé á pari við það sem gerist þar eða betra. Marklýsingin sé góður grunnur sem svo þurfi að yfirlækna á raunveruleikann.

Til að verkefnið verði sjálfbært þarf að virkja aðra sérfræðinga með kennslustjóra, ekki gott að námið byggist á einum einstaklingi. Lykilatriði að tengja saman kennslustjórnun og klíníkina og mikilvægt að samstarfið sé gott milli kennslustjóra og yfirlæknis. Þyrfti að vera meiri mannaflí í að hafa umsjón með sérnámslæknum til að tryggja sjálfbærni í kennslunni. Mikil vinna er framundan en jafnframt mörg tækifæri. Mikil jákvæðni er gagnvart því að taka að sér sérnámslækna og unnið er að því að allir fari á handleiðaranámskeið. Fyrirsjáanlegt hlutfall handleiðara vs nemenda verður 10 á móti 15 næsta vetur.



Mats- og hæfisnefnd um sérnám lækna

Hugmyndin er að virkja HVE og hafa með í ráðum eins og hægt er, það er beggja hagur að hafa samstarf á milli þessara stofnana en margir hlutir sérnámsins þurfa að fara í gegnum HVE en þar eru framkvæmdar margar liðskiptiaðgerðir á mjöðmum og hnjam. Búið er að undirrita viðauka við gildandi samning milli LSH og HVE varðandi samstarf deildanna. Þeir sem færðu á Akranes væru ekki að byrja í sérnáminu heldur væru oftast komnir með ákveðna reynslu.

Niðurstaða:

Byggt á ofangreindri úttekt, sbr. kafla I. og II. hér ofar, hefur mats- og hæfisnefnd um sérnám lækna ákveðið að veita bæklunarlækningum á HVE viðurkenningu sem kennslusérgrein og kennsludeild, í samvinnu við bæklunarlækningar á Landspítala. (Sjá meðfylgjandi viðurkenningarskjali).

Ólafur Baldursson, læknir, PhD, FRCP Edin.

Formaður mats- og hæfisnefndar um sérnám lækna